



ÞINGFUNDARGERÐ

## 12. SAMBANDSPINGS ÍPRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA

**RADISSON SAS - HÓTEL SAGA**

**9. APRÍL 2005**

\*\*\*\*\*  
\*\*\*\*\*  
\*\*\*\*\*

Lilja Pétursdóttir, fyrrum afrekskona þroskaheftra lék nokkur lög á píanó við setningu.

### 1. ÞINGSETNING

**Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF;**

“Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, félagsmálaráðherra, hr. Árni Magnússon, forseti Íþróttá- og ólympíusambands Íslands, Ellert B. Schram, heiðursfélagi ÍF, Sigurður Magnússon, deildarstjóri íþróttá- og æskulýðsdeildar Menntamálaráðuneytisins Líney Rut Halldórsdóttir, aðrir virðulegu gestir og þingfulltrúar.

Enn einu tímabili í sögu ÍF er lokið. Síðast er við komum saman, í Stykkishólmi héldum við okkar 11. sambandsþing. Það var haldið 2003 og er því ekki langur tími síðan.

En það þarf ekki langan tíma til að margt breytist, bæði slæmt sem gott. Eins og svo oft áður hafa verið höggvin skörð í okkar raðir og góðir vinir horfið yfir móðuna miklu.

Ólafur Jensson fyrrum formaður og heiðursfélagi Íþróttasambands Fatlaðra lést fyrir aldur fram í júlí 2003.

Ólafur var formaður ÍF á árunum 1984 til 1996 og sat ég ýmist í varastjórn eða í aðalstjórn með honum á þessum árum. Það var gott að vinna með Ólafi, hann var hvers manns hugljúfi, ráðagóður og samningalipur en gat verið ákveðinn ef á þurfti að halda.

Hann var mikill afreksmaður á félagsmálasviði og þau eru ófá félögin sem hann lagði lið.

Hann tók við stjórn ÍF af fyrsta formanni þess, Sigurði Magnússyni og stýrði því á sömu braut, byggði upp starfsemina hér heima en var líka virkur þátttakandi á erlendum vettvangi, sér í lagi á norrænum vettvangi og gegndi þar formennsku um þriggja ára skeið. Einnig var hann upphafsmaður að útgáfu tímarits ÍF, Hvata og ritstjóri blaðsins frá upphafi til dánardags eða í 12 ár.

Í júlí s.l. lést Sólveig Guðmundsdóttir eða Solla eins og við þekktum hana. Solla var þjálfari í keilu hjá Öspinni og fór hún meðal annars sem fararstjóri á Special Olympics. Solla var ein af þessum konum sem vann sér traust allra, jafnt fatlaðra sem annarra og var hvers manns hugljúfi.

Mikill vinur okkar íslendinga og samstarfsmaður til margra ára, Steffen Andersen varaformaður danska Íþróttasambands fatlaðra lést stuttu eftir heimkomuna frá Ólympíumótinu í Aþenu s.l. haust. Steffen var ávallt reiðubúinn að hlusta á okkur íslendinga þegar við höfðum áhyggjur af málefnum sem okkur varðaði og var hann ötull að taka til máls, okkur til stuðnings.

Ég vil biðja fundargesti að rísa úr sætum og heiðra minningu Ólafs Jenssonar, Sólveigar Guðmundsdóttur og Steffens Andersen.

Takk fyrir.

En það hafa líka verið gleðilegir atburðir sem áttu sér stað á tímabilinu, bæði á vettvangi íþróttalegra afreka sem hafa verið fjölmargir sem og hátíðahalda en eins og ykkur öllum er kunnugt varð ÍF 25 ára 17 maí s.l. og erum við því enn á afmælisári.

Eitt af því ánægjulegra í starfi mínu sem formaður Íþróttasambands Fatlaðra er þegar mér gefst tækifæri á að veita einstaklingum heiðursmerki sambandsins fyrir vel unnin störf og gáfust tækifæri til þess í tengslum við afmælið.

Annað ánægjuefni var að sambandið hlaut í desember s.l. “Múrbrjótinn” sem er viðurkenning Landssamtakanna Þroskahjálpar til þeirra sem þykja hafa skarað fram úr í að ryðja fötluðum og fjölskyldum þeirra nýjar brautir í jafnréttisátt. Mikil breyting hefur orðið á starfi Íþróttá Íslandi á þessum árum og þá sér í lagi á Íþróttum fatlaðra.

Það sem frumkvöðlarnir lögðu af stað með og þótti óframkvæmanlegt og fjarlægt, þykja í dag sjálfsagðir hlutir. Einstaklingar sem áður voru taldir best geymdir á stofnunum, koma nú fram í keppni og viðtölum og er árangur þeirra á þeim sviðum síst lakari en þeirra sem taldir voru fyrirmynd annarra, sökum hreysti og hæfileika.

Fyrir 25 árum átti fólk það til að fara hjá sér ef það mætti fötluðum einstaklingi og vissi ekki alveg hvernig það átti að hegða sér í nærveru þeirra, en í dag fyllast flestir lotningu og aðdáun þegar þeir horfa á fatlaðan einstakling vinna til afreka á Íþróttalegum vettvangi og fyllast stolti yfir verðugum fulltrúa þjóðar sinnar.

Og vissulega geta Íslendingar verið stoltir af afrekum sinna fötluðu einstaklinga.

Í gegnum árin hafa fatlaðir Íþróttamenn staðið sig með eindæmum vel í keppni við aðrar þjóðir. Þótt sigrar hafi ekki verið stórir í byrjun þá þurfti ekki annað en að bæta aðstöðuna, fá betri þjálfun og við fórum að skara framúr.

Jæja, kannski vorum við líka heppin að eiga frábæra einstaklinga, jafnt keppendur sem og þjálfara sem voru tilbúnir að leggja allt í sölurnar til að ná árangri, enda uppskáru þeir eftir því.

Það má segja að straumhvörf hafi orðið í Seoul í Kóreu þegar keppendur komu heim eftir að hafa staðið á verðlaunapalli frammi fyrir tugþúsunda áhorfenda.

Þjóðin varð agndofa yfir árangrinum og satt best að segja var ekki búist við að litla landið Ísland gæti viðhaldið þessum afrekum.

En þetta var bara upphafið að ævintýrinu og við höfum haldið uppteknum hætti og það eru margar þjóðir í dag sem fullyrða að Íslendingar séu milljóna þjóðfélag, alla vega miðað við afrek, en séum við ekki fleiri en u.þ.b. 300 þúsund skv. manntali, hljóta milljónir manna vera í felum!

Afrok okkar hafa helst verið í sundi og frjálsum Íþróttum og virðist það vera svo enn, en á síðasta Ólympíumóti áttum við mjög svo frambærilegan fulltrúa í borðtennis og er það mjög ánægulegt.

Talandi um árangur þá hefur síðasta starfstímabil ekki aldeilis verið án árangurs.

Fatlaðir Íþróttamenn sem keppt hafa fyrir hönd Íslands á erlendri grund hafa gert garðinn frægan á alþjóðlegum stórmótum. Sumarið 2003 sendum við 48 keppendur á Heimsleika Special Olympics sem haldnir voru á Írlandi. Voru forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú með í för, sem og þáverandi menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich og deildarstjóri Íþróttá- og æskulýðsdeildar Menntamálaráðuneytisins, Líney Halldórsdóttir.

Má segja að hátindunum hafi verið náð á Global Games mótinu sem haldið var í Svíþjóð og Ólympíumótinu í Apenu 2004. Á Global Games setti sundfólkið okkar hvert heimsmetið á

fætur öðru með Gunnar Örn Ólafsson fremstan í flokki og árangurinn sem hann sýndi verður vart endurtekinn. Hann vann til þrenna gullverðlauna, einna silfurverðlauna og einna bronsverðlauna og setti fjögur heimsmet. Fyrir þessi afrek sín var Gunnar Örn valinn besti sundmaður mótsins.

Bára B. Erlingsdóttir hélt uppteknum hætti og vann til silfur- og bronsverðlauna og setti eitt Íslandsmet og sýndi að lengi lifir í gömlum glæðum.

Hinn hátindurinn var svo Ólympíumótið í Aþenu þar sem Kristin Rós Hákonardóttir sýndi enn mátt sin og megin og vann til gull og silfurverðlauna í sundi.

Jafnframt kom ný stórstjarna innan okkar raða fram í dagsljósið, því Jón Oddur Halldórsson vann til silfurverðlauna í 100 og 200 metra hlaupi og var það frækilegt afrek.

Við vorum að vísu búin að fá smjörþefinn af getu Jóns Odds þar sem hann var búinn að sýna í undirbúningsmótum á erlendri grund að hann gat unnið þáverandi heimsmeistara.

Nú í annað sinn fengu fatlaðir íþróttamenn með sér góða gesti á Ólympíumót, en heilbrigðis- og tryggingarmálaráðherra, Árni Magnússon og skrifstofustjóri ráðuneytisins, Þór Þórarinsson ásamt eiginkonum sínum, voru viðstödd mótssetningu og fyrstu daga mótsins. Var það mjög ánægjulegt fyrir okkur og kunnum við þeim öllum bestu þakkir fyrir áhuga þeirra á okkar málum.

Einnig var eigandi Rúmfatalagersins sem er okkar helsti samstarfsaðili með okkur í nokkra daga ásamt markaðsstjóra fyrirtækisins og framkvæmdastjóra Rúmfatalagersins í Kanada ásamt eiginkonum.

Vil ég einnig færa þeim okkar bestu þakkir fyrir að hafa verið með okkur.

Afrok okkar íþróttamanna í Aþenu voru slík að ekki má búast við meiru.

Það að koma heim með verðlaunapening og hvað þá 4, er meira en margur átti von á og þeir sem hafa spáð því að Íslandsbólan sé að springa hafa ekki verið sannspáir.

Að vinna til verðlauna og ekki síst gullverðlauna er ekkert smámál og er samkeppnin hörð og fer harðnandi með hverju árinu.

Má til dæmis nefna að heimsmethafinn í sama flokki og Jón Oddur í 100 og 200m hlaupi átti ekki möguleika á móti nýjum þátttakendum.

Vil ég færa keppendum okkar, þjálfurum þeirra sem og öðrum sem stuðluðu að þessum góða árangri á öllum þeim mótum sem við tókum þátt í okkar bestu þakkir.

Ólympíumót fatlaðra er að færast nær Ólympíuleikunum. Nú er svo komið að skilyrt er fyrir þá sem vilja halda leikana að þeir geri ráð fyrir báðum leikunum.

Ekki bara með aðstöðu, heldur einnig starfsmönnum og styrktaraðilum.

Nú var í fyrsta sinn ekki greitt keppnisgjald fatlaðra keppenda en það hefur verið frítt hjá ófötluðum frá Sydney 2000.

Má með sanni segja að Ísland hafa þegar riðið á vaðið í þessu efni því nú sem og í Sydney naut Íþróttasamband Fatlaðra stuðnings Íþróttá- og ólympíusambands Íslands.

Eins voru einkennisbúningur og annar fatnaður keyptur sameiginlega.

Á Íþróttá- og ólympíusamband Íslands, forysta þess og starfsmenn bestu þakkir skildar fyrir aðstoðina.

Sjónvarpsstöðin Eurosport í samstarfi við Alþjóða ólympíuhreyfinguna (IOC) hefur frá árinu 2000 veitt viðurkenningar til þeirra íþróttamanna í Evrópu sem skarað hafa fram úr í hinum ýmsu íþróttagreinum.

Í ár tilnefndu 28 alþjóðasambönd alls 54 íþróttamenn vegna framúrskarandi árangurs á árinu og veittu þessir einstaklingar viðurkenningum sínum viðtöku í hófi sem haldið var þeim til heiðurs hinn 18. október 2004 í höfuðstöðvum IOC í Lausanne í Sviss.

Það var mér mikill heiður og ánægja að fá að fylgja Kristínu Rós Hákonardóttur sem var tilnefnd til þessara verðlauna af hálfu Alþjóða ólympíuhreyfingar fatlaðra (IPC) ásamt knapanum Lee Pearson frá Bretlandi en þetta var í fyrsta inn sem fatlaðir íþróttamenn voru meðal þeirra sem viðurkenningar hljóta. Kristín Rós, sem keppir í flokki S7, vann sem kunnugt er til gullverðlauna í 100 m baksundi jafnframt því að setja heimsmet í greininni og silfurverðlauna í 100 m bringusundi á nýafstöðnu Ólympíumóti fatlaðra sem fram fór í Aþenu í september sl.

Það var stór stund að vera með Kristínu Rós í Sviss og sjá þá umgjörð og virðingu sem verðlaunahöfunum hlotnaðist.

Þess má geta í þessu sambandi að þann 3. september 2004 var haldið sérstakt sælkerakvöld á Broadway, þar sem boðið var upp á glæsilegan mat og dagskrá en jafnframt afluð fjár til stuðnings starfsemi ÍF. Tilefni þessa er mjög athyglisvert en að baki stendur einstaklingur, Þórarinn Guðlaugsson, matreiðslumeistari sem sjálfur varð fyrir því að upplifa erfið veikindi, náði sér aftur á strik og var ákveðinn í að láta gott af sér leiða og fékk hann landslið matreiðslumanna til liðs við sig.

Færum við þeim þakkir fyrir þetta framtak.

Miklar umræður eiga sér ávallt stað þegar kemur að kjöri íþróttamanns ársins á vegum íþróttafréttamanna. Eftir síðasta kjör urðu þó nokkur skrif um kjör á íþróttamanni ársins og sitt sýndist hverjum. Fjölmarginir aðilar höfðu samband við skrifstofu Íþróttasambands Fatlaðra og fjölmiðla og sendu bréf í blöðin vegna kjörsins.

Sérstaklega hefur verið eftirtektarverður sá mikli stuðningur sem fatlaðir íþróttamenn hafa fengið og þá sér í lagi sundkonan Kristín Rós Hákonardóttir.

Sú umræða sem fór fram og þau sterku viðbrögð sem sköpuðust, hafa staðfest að fatlað íþróttafólk hefur skapað sér ímynd sem afreksfólk í hugum fólks, nákvæmlega á sama hátt og annað íslenskt afreksfólk í íþróttum.

Eins og réttilega hefur komið fram hjá íþróttufréttamönnum, þá er þetta þeirra kosning en ekki þjóðarinnar og jafnframt leynileg. Því er það ótvíræður réttur þeirra að kjósa hvern sem er. Það sem vekur hins vegar athygli eru orð eins íþróttufréttamanns í fjölmiðlum.

Þar hefur hann komið þeirri skoðun sinni á framfæri að hann telur það sitt hlutverk að vera hlutlægan en ekki hlutlausan. Jafnframt segir umræddur fréttamaður að umræða um sætaskipan fatlaðra á lista við val á íþróttamanni ársins einkennist af feimni.

Að hans mati er raunin sú að ekki sé hægt að bera saman afrek fatlaðs íþróttamanns og ófatlaðs, sigrar fatlaðs íþróttamanns mega sín lítils til móts við afrek hins ófatlaða.

Þar af leiðandi eigi fatlað íþróttafólk að vera sátt við það eitt að fá að vera með! Ef svo er má spyrja hvort slík afstaða flokkist undir fordóma og er slíkt miður.

Þegar margt er í boði eru alltaf deilendur og sem betur fer eru menn ekki alltaf sammála.

Það er ánægjulegt að Ísland skuli eiga svo marga frábæra íþróttamenn að mönnum komi ekki saman um hver þeirra sé bestur, en það má ekki skyggja á þá sem kjörnir eru.

Eins má umræðan ekki verða neikvæð gagnvart þeim sem menn vilja koma á framfæri.

Það sem stendur upp úr er að listann skipuðu frábærir íþróttamenn og eins voru aðrir afburða íþróttamenn sem ekki voru tilnefndir.

Íþróttasamband Fatlaðra þakkar stuðning við fatlað íþróttafólk en óskar jafnframt glæsilegu íþróttafólki sem hlaut 3 efstu sætin í kjörinu innilega til hamingju.

Það er einlæg ósk okkar að Íslendingum hlotnist sú gæfa að öllum íslenskum íþróttaiðkendum, fötluðum sem ófötluðum þjóðist aðstaða og möguleiki að stunda íþróttir í framtíðinni á þann hátt að það verði þeim til styrktar og frægðar og þjóðinni til sóma og sameiningar.

Það finnst mörgum sem fötluðum íþróttamönnum sé ekki hampað nóg í fjölmiðlum og að almenningur viti ekki nóg um okkar starf sem og allt það mikla starf sem fer fram í félögunum.

ÍF hefur eftir fremsta megni reynt að fá íþróttufréttamenn til að birta allt það efni sem við teljum markvert, s.s. úrslit móta og það mikla starf sem við höfum í boði.

Því miður hefur reyndin verið sú að við höfum náð takmarkað til fjölmiðlamanna og virðist þeirra áhugi beinast í aðrar áttir.

Sumir segja að íþróttufréttamenn fjalli aðeins um það sem þjóðin hefur áhuga á, en aðrir halda fram að reyndin sé sú að þeir fjalli einungis um það sem þeir sjálfir hafi áhuga á og þar með haldi þeir að það sé það sama og þjóðin.

Stjórn ÍF tók því þá ákvörðun í upphafi þessa árs að fá félagsvísindadeild HÍ til að setja af stað spurningavagn meðal þjóðarinnar og liggur útkoman nú fyrir.

Alls bárust svör frá 800 einstaklingum og skiptast þeir nokkuð jafnt á milli kynja en búseta er helmingi meiri á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og gefur það nokkuð rétta mynd.

Er margt þar ansi markvert og er bersýnilegt að við verðum að herða betur róðurinn með kynningar á okkar starfi því þjóðin saknar þess. Meðal annars sem kom fram er að 70% fannst of lítið fjallað um íþróttir fatlaðra í fjölmiðlum, 82% þekktu lítið eða ekkert til starfssemi ÍF. 55% fannst sanngjarnt eða mjög sanngjarnt að leggja að jöfnu afrek fatlaðra sem ófatlaðra.

Í fullyrðingaspurningum töldu 42.6% að ÍF væru samtök Sjálfsbjargarfélaganna á Íslandi og 64.4% að það væri deild innan Sundsambands Íslands! Má þar segja að styrkur sundfólksins okkar sé mikill nema aðspurðum finnst sanngjarnt að Sundsambandið sjái um frjálsíþróttar keppendurna líka!

Eitt er víst að þrátt fyrir jákvæða strauma til okkar þá þarf að kynna betur okkar starf út á við og ef íþróttafréttamenn fást ekki til að upplýsa þjóðina um okkar afrek, verðum við að hefja áróður á einhvern annan hátt.

Mun stjórn IF skoða þetta nánar á næstunni.

Eins og ég gat um áður þá varð ÍF 25 ára þann 17 maí s.l. og er því enn að halda uppá afmælisárið. Margt hefur verið gert til að minnast afmælisins og hefur t.d. afmælið sett sinn svip á þau mót sem haldin hafa verið. Í desember s.l. kom út afmæliseintak af málgagni okkar Hvata og var því dreift með Morgunblaðinu. Er það von okkar að með því hafi landsmenn fengið meiri innsýn í starf okkar.

Eins kom í heimsókn í tilefni afmælisins, forseti IPC, Phil Craven ásamt eiginkonu sinni og forseta EPC sem er Evrópuþeild IPC, Bob Price og eiginkonu hans. Dvöldu þau hér í blíðskaparveðri í nokkra daga s.l. sumar og áttu fundi með forystumönnum íþróttamála, s.s. stjórn ÍSÍ, menntamálaráðherra sem og heimsóknar til forseta Íslands að Bessastöðum sem verður þeim ógleymanleg.

Mikilvægar umræður fóru fram vegna þeirra sérstöðu sem við erum í vegna smæðar þjóðarinnar og vil ég nota tækifærið hér og þakka öllum þeim sem tóku þátt í viðræðunum, jafnt leikendum sem og ráðherra og stjórn ÍSÍ.

Þau ánægjulegu tíðindi gerðust á síðasta ári að forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson var kjörinn í alþjóðastjórn Special Olympics samtakanna og er þetta mikill heiður fyrir Ísland.

Eins tel ég þetta vera heiður fyrir Special Olympics og er sannfærður um að það verði til að auka vísýni og lýðræði innan samtakanna.

Sjá má í skýrslu stjórnar sem hér liggur frammi að það hefur verið mikil gróska í starfi ÍF á þeim tveimur árum sem liðin eru frá síðasta þingi.

Eins og ég gat um áður tókum við þátt í mörgum erlendum mótum og í flestum íþróttagreinum sem stundaðar eru hjá aðildarfélögum Íþróttasambands fatlaðra.

Telst mér til að erlendu mótin hafi verið 19 og hefur þeim því fjölgað nokkuð frá síðasta tímabili og hefðum við getað tekið þátt í margfalt fleiri mótum, en einhverstaðar varð að skera niður.

Innlend mót voru 27 á tímabilinu svo því má segja að það sé verið að keppa í 2 mótum að meðaltali á mánuði sem er vafalaust einsdæmi.

Eins og undanfarin ár gaf Lionsklúbburinn Víðarr öll verðlaun á Íslandsmótunum og vil ég færa þeim okkar bestu þakkir fyrir það.

Stjórnarmenn sem og starfsmenn ÍF stóðu að eða tóku þátt í tæplega 50 fundum eða ráðstefnum sem ekki tengdust beint hinum svokölluðu hefðbundnu fundum s.s. stjórnar og nefndar fundum.

Fastir fundir voru haldnir í Special Olympics nefnd ÍF auk þess sem sérfundir voru boðaðir vegna ákveðinna verkefna.

Fundir voru haldnir vegna sérverkefna á sviði útbreiðslu- og fræðslumála með aðilum sem fengnir hafa verið til þeirra verkefna.

Fastir fundir afreks- og fjármálasviðs voru haldnir á tímabilinu auk funda vegna sérverkefna aðallega tengdum hinum ýmsu fjáröflunum sem ÍF hefur staðið fyrir.

Þá hafa fjölmargir fundir verið haldnir með samstarfsaðilum ÍF þar sem starfsemi ÍF hefur verið kynnt.

Einn er sá hlutur sem einnig hefur farið vaxandi en það er þátttaka í ýmsum námskeiðum og ráðstefnum. Þessi námskeið eru ýmist haldin á vegum Íþróttasambands Fatlaðra svo sem fyrir leiðbeinendur, kennara sem og aðra en einnig tóku stjórnar og starfsmenn ásamt þjálfurum þátt í námskeiðum sem í boði voru og þóttu áhugaverð.

Á síðasta ári var rekstarkostnaður sambandsins yfir 50 milljónir króna, en margir kostnaðarsamir þættir spila þar inn í eins og Global Games og Ólympíumótið.

Eins og svo oft áður þegar Ólympíumót eru haldin, fékk sambandið aukna fjárveitingu frá Alþingi á Ólympíuári, til að létta okkur róðurinn.

En ef horft er á reikninga á milli síðustu ára munar ekki miklu á milli þessara ára enda eru stórviðburðir orðnir fastir liðir á hverju ári og ber þar hæst þátttaka okkar í heimsleikum Special Olympics sem er að verða okkar stærsti útgjaldaliður og fer vaxandi.

Á síðasta þingi kom fram að útgjöld árána 1998 og 1999 voru hærri en innkoma en dæmið hefði snúist við árið 2000 og hefur síðan verið rekstrarafgangur.

Hefur því safnast í sjóð hjá ÍF og myndast inneign sem er hið besta mál. Það gefur svigrúm til að takast á við sérverkefni sem og að geta haldið út eðlilegri starfsemi ef fjáraflanir bregðast.



Til að halda úti starfsemi Íþróttasambands Fatlaðra hefur sambandið verið á fjárlögum Alþingis sem er þakkarvert og hefur auk þess verið svo lánsamt að njóta aðstoðar ýmissa félaga og fyrirtækja sem hafa aðstoðað við að fjármagna það sem uppá hefur vantað.

Það kom einnig fram á síðasta þingi að flestir samningar ÍF við samstarfsaðila væru lausir og ekki vitað hvernig framhald yrði.

Eftir Ólympíumótið 2004 hafa verið endurnýjaðir samningar við Rúmfatalagerinn, Össur h/f, Icelandair, Radisson SAS hótelin á Íslandi, Flugfélag Íslands, Sjóvá, Austurbakka h/f, Osta- og smjöröluna sf. auk þess sem í farvatninu er endurnýjun samninga við KB banka og Olís.

Samningar þessir eru til næstu fjögurra ára en ofangreind fyrirtæki voru öll samstarfs- og styrktaraðilar ÍF vegna undirbúnings og þátttöku Íslands í Ólympíumótinu í Aþenu 2004.

Það er Íþróttasambandi Fatlaðra ómetanlegt að eiga jafn trausta og öfluga bakhjarla og raun ber vitni. Þá hefur einnig verið endurnýjaður samningur við Íslandsbanka vegna starfsemi Special Olympics á Íslandi.

Það má svo hinsvegar spyrja í framhaldi af þessu hvort ekki megi auka starfsemi ÍF enn frekar og er stjórn þess með þau atriði í sífelldri endurskoðun.

Er hægt að segja að stjórnin hafi unnið að ýmsum nýjungum og má benda á ársskýrsluna hvað það varðar. Hinsvegar hefur það ávallt verið stefna núverandi stjórnar að betra sé að eiga aðeins inneign til að geta viðhaldið reglubundnu starfi ef eitthvað bjátar á og þurfa þá ekki að draga saman seglin þegar síst skildi.

Eins og ávallt áður hefur ÍF þurft að kosta útsendingar frá útsendingum í tengslum við þátttöku Íslands í Ólympíumótinu í Aþenu 2004. Fékk ÍF kostunaraðila vegna útsendinga RÚV frá mótinu en þessi fyrirtæki voru; VISA Ísland, Össur, Rúmfatalagerinn, KB banki og Byggingafélag Gylfa og Gunnars.

Fyrir hönd stjórnar vil ég færa þessum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir velvilja og veittan stuðning.

Ég er þess sannfærður að næsta stjórn mun reyna að nýta þessa aðstoð og samstarf á sem bestan hátt og gera eins mikið og hægt er til að auka veg og virðingu fatlaðra íslenskra íþróttamanna.

Vil ég einnig færa Adólfi Inga íþróttufréttamanni sem og Einari upptökumanni þakkir fyrir störf þeirra og þeirra framlag að koma þátttöku okkar á Ólympíumótinu sem best til skila til þjóðarinnar svo hún fengi að njóta hins besta frá mótinu.

Stjórnarfundir ÍF hafa nær undantekningalaust verið haldnir 1 sinni í mánuði á tímabilinu og oftast ef þurft hefur.

Ég vil nota tækifærið og þakka fráfarandi stjórn, varastjórn, starfsmönnum sem og öllu því góða fólki sem setið hefur í hinum fjölmörgu nefndum, en mér telst að fastanefndir séu 14 og í þeim starfa 60 manns. Án ykkar hefði starfið ekki orðið svona öflugt.

Okkar ágæti gjaldkeri til margra ára Kristján Svanbergsson hefur tjáð mér að hann muni ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn og vil ég því sérstaklega þakka honum hans góðu störf í þágu sambandsins, hann hefur gefið sér tíma til að sinna margvíslegum málum fram yfir gjaldkerastörfin og hefur lagt sitt að mörkum við framgang mála hjá sambandinu.

En ekki snerist allt starfið um fundi og kynningar. Tilgangur Íþróttasambands Fatlaðra er að sjá um fyrir hönd Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands að byggja upp og efla íþróttir fyrir fatlaða, jafnt fyrir byrjendur sem og fyrir afreksfólk.

Til starfsins hefur Íþróttasamband Fatlaðra notið fulltingis 22 íþróttafélaga víðsvegar um landið og er þeirra starf grunnurinn að velgengni sambandsins. Að þessu starfi kemur fjöldi fólks sem leggur fram ómældan tíma og vinnu við að þjálfa og aðstoða sína félagsmenn.

Það er því ekki síður mikilvægt að vel takist til við að ná til þeirra einstaklinga sem eru á hinum ýmsu félagssvæðum og hjálpa þeim og hvetja til að iðka íþróttir.

Árangur okkar byggist því ekki síður á ykkar árangri. Erum við mjög þakklát fyrir ykkar mikla og fórnfúsa starf. Sú breyting hefur orðið að þrátt fyrir ný félög innan ÍF hafa önnur því miður hætt starfsemi. Nú síðast var íþróttafélagið Kveldúlfur í Borganesi formlega lagt niður. Því vaknar sú spurning hvers vegna þetta gerist. Er það vegna fækkun fatlaðra á svæðinu, aðstöðuleysis, eða er enginn til að taka við starfinu þegar aðrir þurfa að hætta. Alla þessa þætti þyrfti að skoða og spurninginn er hvort ÍF eða stjórnvöld geta hjálpað. Eins er það spurning í þessu tilfelli hvort hægt sé að sameina félög á sama eða nálægum svæðum.

Eins og þið sjáið á þinggögnum, þá liggja margvísleg málefni fyrir þessu þingi og eitt af þeim eru lög sambandsins sem þurfa sífelldrar endurskoðunar við. Eitt af þeim málum sem við þurfum að fjalla um og taka afstöðu til er flokkun keppnismanna sem vilja keppa á erlendri grund. Var þetta mál kynnt í gærkvöldi fyrir þingfulltrúum. Við getum ekki dregið þetta lengur þar sem nú þegar er farið að beita þessu ákvæði við þátttöku í mótum.

Rök alþjóðahreyfingarinnar eru að tryggja sem mestan jöfnuð í keppni og er því öllum íþróttasamtökum fatlaðra í heiminum gert skylt að kröfu alþjóðahreyfinga fatlaðra (IPC og INAS-FID) að skrá fötlun allra þeirra sem þátt taka í íþróttum þroskaheftra á alþjóðavettvangi.

Stjórn ÍF hefur átt marga fundi um þetta mál og haft samband við marga aðila varðandi hvernig best er að vinna þetta mál og leggja fram tillögu sem fullnægir kröfum alþjóðahreyfinganna en um leið raska sem minnst við þeim hefðum sem hér hafa verið viðhafðar.

Vona ég að þingfulltrúar hafi farið vel yfir málin í gærkvöldi, en sjálfur gat ég ekki verið með ykkur en treysti því að menn hafi skoðað málið gaumgæfilega og greiði atkvæði eftir sannfæringu sinni en ekki þrýstingi.

Margar leikreglur eru orðnar úreltar og aðrar þarf að aðlaga að alþjóðlegum reglum eins og við verður komið.

Eins hefur afrekssvið og Ólympíuráð skarast þannig að um tvíverknað verður í sumum tilfellum og liggur frammi tillaga um breytingar þar á. Ein er tillaga um breytingu á reglugerð um heiðursmerki.

Vonast ég til að þingið verði vinnusamt og útkoman til frekari eflingar sambandsins.

Ég vil þakka þeim gestum sem hér eru við setningu þings þá velvild og áhuga sem þeir sýna starfi okkar og þá viðurkenningu á því sem við erum að gera sem felst í viðveru þeirra.

Góðir þingfulltrúar, ég óska ykkur farsæls og árangursríks þings og lýsi 12. sambandsþing Íþróttasambands Fatlaðra sett.”

## 2. ÁVÖRP GESTA

### Eftirtaldir ávörpuðu þingið;

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson

Félagsmálaráðherra, hr. Árni Magnússon

Forseti ÍSÍ, hr. Ellert B. Schram

## 3. KOSNING ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA

Tillaga var um Hafstein Pálsson sem þingforseta.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga var um Önnu G. Sigurðardóttur og Kristínu Guðmundsdóttur sem þingritara.

Samþykkt samhljóða.

Kaffihlé var gert í 15 mínútur áður en þingstörf hófust.

## 4. KOSNING ÞRIGGJA MANNA KJÖRBRÉFANEFNDAR

Tillaga var um Hauk Þorsteinsson, Eik, Salmínu Tavsén, Grósku og G. Sóley Guðmundsdóttur, Örvári. **Samþykkt samhljóða.**

## 5. KOSNING NEFNDA

### FJÁRHAGSNEFND

Tillaga var um Karl Þorsteinsson, Ösp, Þórð Ólafsson, ÍFR og Egil Olgeirsson, Völsungi.

**Samþykkt samhljóða.**

### LAGA- OG REGLUGERÐANEFND

Tillaga var um Þórð Á. Hjaltested, Gáska/stjórn ÍF, Jósep Sigurjónsson, Akri og Guðrúnu Árnadóttur, Snerpu.

**Samþykkt samhljóða.**

### ALLSHERJARNEFND

Tillaga var um Kjartan Steinarsson, Nes, Ragnar Hjörleifsson, Þjóti og Stein Sigurðsson, Grósku. **Samþykkt samhljóða.**

## 6. LÖGÐ FRAM SKÝRSLA STJÓRNAR (Fylgiskjal 1.0.)

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri ÍF skýrði í stórum dráttum frá þeim verkefnum sem ÍF hefur tekið þátt í eða staðið fyrir á tímabilinu (sjá fylgiskja 1)

## 7. LAGÐIR FRAM ENDURSKOÐAÐIR REIKNINGAR

Fylgiskjal 2.0.)

Kristján Svanbergsson gerði grein fyrir endurskoðuðum reikningum sambandsins árin 2003 og 2004. (sjá fylgiskjal)

Nokkrar umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikninga.

Arnór Pétursson, ÍFR spurði út í ártöl reikninganna og þakkaði fyrir greinagóða skýrslu, honum fannst ánægjulegt að fjárhagsstaðan væri eins góð og raun ber vitni. Arnór ræddi einnig óánægju vegna kjörs íþróttamanns ársins.

Anna Lea Björnsdóttir, Nes, þakkaði fyrir góða skýrslu og ánægjulega útkomu reikninga.

Reikningar árið 2003 **samþykktir samhljóða.**

Reikningar árið 2004 **samþykktir samhljóða.**

## **8. LÖGÐ FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN**

(Fylgiskjal 3.0.)

Kristján Svanbergsson gerði grein fyrir fjárhagsáætlun áráanna 2005 og 2006.

(sjá fylgiskjal)

Karl Þorsteinsson, Ösp spurði hvort sérstök ástæða væri fyrir því að styrkir séu lægri árið 2005 en 2004. Sveinn Áki gerði grein fyrir því að á ólympíuári fengi ÍF aukafjárveitingu frá ríkinu.

## **8. LAGÐAR FRAM LAGA- OG REGLUGERÐARBREYTINGAR SEM FRAM HAFNA KOMIÐ**

**A) TILLAGA FRÁ STJÓRN ÍF VEGNA 6. GREINAR Í LÖGUM ÍF**

(Fylgiskjal 4.0)

Þórður Árni Hjaltsted gerði grein fyrir tillögunni. Tillögunni var vísað til laga- og reglugerðarnefndar. Arnór benti á að orðalagið “bjóða upp á” væri ekki það sama og “að stunda” t.d. íþróttir og hann benti á að í lögum komi fram að þeir sem iðka íþróttir eða þau félög sem bjóða upp á íþróttir fatlaðra eigi rétt á setu á þingi ÍF. Þessi ábending verður rædd í laga og reglugerðarnefnd.

**B) TILLAGA FRÁ STJÓRN ÍF VEGNA BREYTINGA Á REGLUGERÐ AFREKSMANNASJÓÐS ÍF**

(Fylgiskjal 5.0)

Sveinn Áki Lúðvíksson gerði grein fyrir tillögunni.

Tillögunni vísað til laga- og reglugerðarnefndar og til fjárhagsnefndar.

Halldór Guðbergsson, ÍFR þakkaði fyrir góðar umræður um þetta mál í gær, föstudaginn

8. apríl. Halldór benti á þann fjölda keppenda sem ættu rétt á styrk úr afreksmannasjóði

ÍSÍ ef fatlaðir íþróttamenn féllu undir afreksmannasjóð ÍSÍ.

Guðjón Sverrisson, íþróttafélaginu Snerpu benti á að ef íþróttamenn fatlaðra fengju beint

styrki frá ÍSÍ þá væru þeir orðnir jafnari ófötludum íþróttamönnum en áður.

**C) TILLAGA FRÁ STJÓRN ÍF VEGNA FLOKKUN ÞROSKAHEFTRA**

(Fylgiskjal 6.0)

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri ÍF gerði grein fyrir tillögunni. Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar og laga- og reglugerðarnefndar.

Ólafur Ólafsson, Ösp spurði hvort það væri hvernig íþróttanefndar að ákveða hvort sérstakir flokkar þroskaheftra væru á Íslandsmótum í viðkomandi greinum.

Ólafur Magnússon svaraði því til það væri rétt að þetta væri undir íþróttanefndum komið.

**D) TILLAGA FRÁ STJÓRN ÍF VEGNA BREYTINGA Á REGLUGERÐ UM HEIÐURSMERKI ÍF**

(Fylgiskjal 7.0)

Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF gerði grein fyrir tillögunni.

Tillögunni var vísað til laga og reglugerðarnefndar.

Arnór Pétursson, ÍFR, benti á að lög sambandsins þyrftu að vera í þinggögnum.

Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF benti á að allar reglugerðir hefðu verið sendar til aðildarfélaganna fyrir þing.

Bragi Sigurðsson, Völsungi vildi að bætt yrði orðinu “ÍF” aftan við orðið “Forsetastjarna”.

Nú var gert hlé á niðurstöðum nefndarinnar þar sem nefndin þurfti að koma saman aftur.

**9. TEKNAR TIL UMRÆÐU ÖNNUR MÁL OG AÐRAR TILLÖGUR SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNAR ÍF**

TILLAGA FRÁ ÍPRÓTTAFÉLAGINU ÖSP VEGNA KJÖRS Á ÍPRÓTTAKONU OG

MANNI ÁRSINS

(Fylgiskjal 8.0)

Ólafur Ólafsson, Ösp gerði grein fyrir tillögunni.

Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri ÍFR sagðist vera á móti þessari tillögu.

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

Anna Lea Björnsdóttir, Nes gerði grein fyrir breytingatillögu á þingskjali 6.0. (fylgiskjal 6.1) Breytingatillögunni var vísað til Laga- og reglugerðarnefndar og Allsherjarnefndar.

### **Niðurstöður kjörbréfanefndar:**

HSH – Reynir og Snæfell senda hvorki kjörbréf né þingfulltrúa en hefðu átt rétt á 3 fulltrúum

HSK – Gnýr og Suðri, eru með 2 fulltrúa en átti rétt á 7 fulltrúum.

HSV – Ívar, er með einn fulltrúa en átti rétt á 4 fulltrúum.

HSP – Bocciadeild Völsungs senti 4 fulltrúa og 2 til vara, átti rétt á 5 fulltrúum.

ÍA - Þjótur tilkynnti um komu 1 fulltrúa en hann var ekki mættur, átti rétt á 4 fulltrúum.

ÍBA – Akur/Eik sentu 9 fulltrúa, átti rétt á 10 fulltrúum.

ÍBH – Fjörður senti 3 fulltrúa, átti rétt á 6 fulltrúum.

ÍBR - Ösp/ÍFR sentu 12 fulltrúa, áttu rétt á 14 fulltrúum.

ÍBS – Snerpa, senti 3 fulltrúa, átti rétt á 4 fulltrúum.

ÍBV – Ægir, Enginn fulltrúi var mættur, átti rétt á 3 fulltrúum

ÍRB - NES, senti 4 fulltrúa, átti rétt á 7 fulltrúum.

ÚÍA - Örvar/Viljinn, sentu 1 fulltrúa, áttu rétt á 3 fulltrúum.

UMSK – Gáski, senti 2 fulltrúa, átti rétt á 5 fulltrúum.

UMSS – Gróska, senti 2 fulltrúa, átti rétt á 3 fulltrúum

Þórður Ólafsson, ÍFR spurði hvað lögin segðu varðandi það þegar varamenn mæta en eru ekki skráðir á kjörbréf. Ekkert um það í lögum ÍF, en ef þingið samþykkir á þinginu að ef viðkomandi héraðssamband sendi staðfestingu um þingfulltrúa, að þá væru þeir þingfulltrúar réttmætir.

### **Samþykkt samhljóða.**

Þórður Árni Hjaltested, Gáska/stjórn ÍF gerði grein fyrir 5. grein laga ÍF er varðar fjölda þingfulltrúa og kjörbréf.

**Tillögur kjörbréfanefndar voru samþykktar.**



Lagt var til að Tómas Jónsson og Sigríður Daníelsdóttir kæmu inn í allsherjarnefnd í stað Kjartans Steinarssonar og Ragnars Hjörleifssonar sem ekki voru mættir á þingið.

**Samþykkt samhljóða.**

## 10. NEFNDIR STARFA

Í þingsal A starfaði Fjárhagsnefnd, allsherjarnefnd starfaði í Skála og laga- og reglugerðarnefnd starfaði í þingsal B.

## 11. ÖNNUR MÁL

Bragi Sigurðsson, Bocciaedeild Völsungs benti á að á síðasta formannafundi hefði verið samþykkt að leggja fram nýtt flokkunarskírteini fyrir næsta sambandsþing.

(sjá bls. 11 í skýrslu stjórnar)

Þórður Árni Hjaltsted, Gáska/stjórn ÍF kom með breytingatillögu um að fresta þessari framkvæmd til næstu áramóta. Nokkrar umræður urðu um málið

**Samþykkt var að vísa þessu til næsta formannafundar.**

Arnór Pétursson, ÍFR, benti á að beinna og betra væri ef kjörbréf væru milliliðalaus, þ.e. beint frá félögunum og til íþróttasambandsins, í stað þess að setja þetta í hendur héraðssambanda. Arnór bað um að þetta yrði athugað fyrir næsta þing.

Arnór benti á hvort ekki ætti að setja “sólarlagsákvæði” á setu í nefndum og ráðum. Hann sagðist þekkja það fyrirkomulag frá störfum Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra. Hann taldi slíkt ákvæði hugsanlega verða til hagsbóta fyrir störf nefnda og ráða. Hann óskaði eftir því að þetta yrði athugað.

Þórður Árni Hjaltsted, Gáska, benti á að það væri krafa ÍSÍ að sérsambönd þess samræmdu lög sín við lög ÍSÍ, s.s. hvað varðar kjörbréf og ferli þeirra.

Garðar Steingrímsson, ÍFR spurði hvort þetta væri formleg tillaga frá Arnóri.

Arnór sagði að svo væri ekki heldur umhugsunarefni fyrir næsta þing.

Ekki tóku fleiri til máls.

## **12. NEFNDAÁLIT, TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLA**

### **ALLSHERJARNEFND**

Tómas Jónsson gerði grein fyrir störfum nefndarinnar sem fjallaði um fylgiskjal 6.0 og fylgiskjal 8.0

Nefndin samþykkti að leggja fram breytingatillögu 6.2. sem kemur í stað fylgiskjals 6.0 og er það sameiginleg tillaga frá alsherjanefnd og laga- og reglugerðanefnd.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna sem síðan var samþykkt með þorra atkvæða gegn einu atkvæði.

Nefndin samþykkti að leggja fram breytingatillögu 8.1 sem kemur í stað fylgiskjals 8.0.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna sem síðan var samþykkt að vísa til stjórnar ÍF til frekari vinnslu.

### **LAGA OG REGLUGERÐARNEFND**

Þórður Árni Hjaltsted, Gáska/stjórn ÍF gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Nefndin samþykkti að leggja fram breytingatillögu 4.1 sem kemur í stað fylgiskjals 4.0.

Nokkrar umræður urðu um tillöguna sem síðan var samþykkt samhljóða.

Þórður Árni Hjaltested, Gáska/stjórn ÍF tilkynnti að fjárhagsnefnd myndi gera grein fyrir fylgiskjali 5.0 og gerði síðan grein fyrir breytingatillögu 7.1 sem kemur í stað fylgiskjals 7.0

Fylgiskjal 7.1 var samþykkt samhljóða

## FJÁRHAGSNEFND

Karl Þorsteinsson, Ösp gerir grein fyrir störfum nefndarinnar, m.a. gerði hann grein fyrir breytingatillögu 5.1 sem kemur í stað fylgiskjals 5.0.

Þessu næst skýrði Karl frá störfum nefndarinnar er varðar fjárhagsáætlun. Vildi nefndin benda á að breyta þyrfti uppsetningu fjárhagsáætlunar þannig að rauntölur kæmu fram við hliðina á áætlun til að auðvelda lestur hennar.

Nefndin lagði til að fjárhagsáætlanir yrðu samþykktar.

Fylgiskjal 5.1 var samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun 2005 var samþykkt samhljóða

Fjárhagsáætlun 2006 var samþykkt samhljóða.

## **13. ÁKVEÐIÐ GJALD ÆVIFÉLAGA**

Ekki lá fyrir tillaga um gjald ævifélaga.

## **14. KOSNING STJÓRNAR, VARASTJÓRNAR, ENDURSKOÐENDA OG FULLTRÚAR Á**

Tillaga var um Svein Áka Lúðvíksson sem formann. Ekki komu fram fleiri tillögur.

**Sveinn Áki var réttkjörinn formaður ÍF til næstu 2ja ára.**

Tillaga var um Camillu Th. Hallgrímsson, sem varaformann. Ekki komu fram fleiri tillögur.

**Camilla var réttkjörin varaformaður ÍF til næstu 2ja ára.**

Tillaga var um Ólaf Þ. Jónsson, Þórð Árna Hjaltested og Ólaf Eiríksson sem meðstjórnendur.

**Ofangreindir voru réttkjörnir sem meðstjórnendur ÍF til næstu 2ja ára.**

Tillaga var um Svövu Árnadóttur, Jóhann Arnarson og Erling Þ. Jóhannsson sem varamenn.

**Ofangreind voru réttkjörin sem varamenn stjórnar ÍF til næstu 2ja ára.**

Tillaga var um Guðlaug Guðmundsson og Þórð Þorkelsson sem skoðunarmenn reikninga.

**Samþykkt samhljóða.**

## **15. ÍPRÓTTAÞING Í.S.Í.**

Kjör á íþróttatþing.

**Samþykkt samhljóða að vísa til formannafundar ÍF.**

## **16. KOSNIR TVEIR MENN Í ÓLYMPIÚRÁÐ ÍF**

Tillaga var um þá Arnór Pétursson og Svan Ingvarsson.

Samþykkt samhljóða

## **17. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR**

Þingforseti lagði til að þingið samþykkti að heimila þingriturum að ganga frá þingfundargerð svo fljótt sem auðið yrði og senda til stjórnar ÍF. Stjórn ÍF sæi um að koma þingfundargerð til aðildarfélaga.

**Samþykkt samhljóða.**

## **18. ÞINGSLIT**

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri ÍF tilkynnti að kvöldverður yrði í Ársal klukkan 20:00.

Ný endurkjörinn formaður ÍF, Sveinn Áki Lúðvíksson tók nú til máls og þakkaði það traust sem honum væri sýnt með endurkjöri. Sveinn þakkaði fyrirverandi stjórn ÍF fyrir vel unnin stjórn á síðasta tímabili og þakkaði Kristjáni Svanbergssyni, fyrirverandi gjaldkera fyrir góð störf en sagði jafnframt að Kristján væri tilbúinn til að vera starfsemi ÍF innan handar. Hann bauð nýjan stjórnarmann, Ólaf Eiríksson velkominn til starfa.

Að lokum þakkaði hann heiðursfélaga ÍF, Sigurði Magnússyni fyrir að sitja þingið og svo öllum öðrum þingfulltrúum.

Þingforseta var þökkun góð þingstjórn nú sem ávallt áður.

Þingforseti

---

Hafsteinn Pálsson

Þingritari

Þingritari

---

Anna G. Sigurðardóttir

---

Kristín Guðmundsdóttir